

## Strandabyggð:

Sæl Jóhanna

Ég get svarað einhverju a.m.k. Fyrstu skrefin voru að ná samtali við framhaldsskóla, ég er ekki alveg klár á hver steig fyrsta skrefið þar en a.m.k gekk þetta samstarf vel frá fyrstu stundu. Strandabyggð lagði út fyrir einhverjum tækjabúnaði, húsnæði og húsgögnum. Ég held að Fnv.hafi keypt tölvubúnaðinn að mestu, þar sem ég sé bara tækjakaup á fyrsta ári upp á um 430 þús á fyrsta árinu

2013 1 milljón  
2014 2,8 millj  
2015 2,7 millj  
2016 2,4 millj.  
2017 2,4 mill  
2018 2,4 millj  
2019 3,1 millj.

Dreifnámið var fyrsta árið staðsett hér í Próunarsetrinu/ráðhúsi en þegar ekki dugði 1 kennslustofa og nemendur voru komnar á annað ár færðum við dreifnámið í húsnæði sveitarfélagsins að Hafnarbraut 19, á efri hæð Sparisjóðsins.

Fyrsta árið voru að mig minnir 4-5 nemendur í fullu námi og fjölgaði á ári 2 og voru fyrstu 3 árin frá 5-10 nemendur. Seinni árin hafa þeir verið ca. 2-4 og sumir í hlutanámi.

Varðandi félagslega þáttinn þá var lagt upp með að nemendur færu í lotur á Sauðárkrók þegar einhverjir „dagar“ væru og að mestu leiti tókst það. Nemendur náðu samt misvel að tengjast þar og aðbúnaður í fyrstu ferðum ekki án athugasemda.

Einn galli kom í ljós sem ég varð persónulega vör við varðandi dóttur mína og hennar samnemendur (Ísak frændi þinn er td. á sama róli og hún). Hún fór sem nemandi inn á ári 2 og var í 1 ár í dreifnáminu. Þegar hún fer síðan suður í skóla á ári 2 þá hafði hún lokið færri eininga áföngum í FNV og vantaði því stundum réttu undanfarana. Nokkir samnemendur þeirra þurftu að bæta inn áföngum til að ná einingafjöldanum. Þau lentu auðvitað líka í skiptunum úr 4 árum í 3 og breytingum á einingum á áföngum. Ég veit ekki hvort það á við nú.

Það er eflaust gott að fá upplýsingar frá þessum aðilum líka

Ingileif skólameistari FNV á Sauðárkróki

Eiríkur Valdimarsson fyrrverandi umsjónarmaður dreifnáms og sveitarstjórnarmaður

[eirikur@strandabyggd.is](mailto:eirikur@strandabyggd.is)

Unnur Ólafsdóttir núverandi umsjónarmaður dreifnáms og Fræðslumiðstöðvar [unnur@fnv.is](mailto:unnur@fnv.is)

Gangi ykkur vel með þetta og vona að þetta hafi svarað einhverju

**Með góðri kveðju**

**Salbjörg Engilbertsdóttir**

**Skrifstofustjóri Strandabyggðar**

Sæl,

Ég kom ekki að því að starta dreifnáminu á Hólmavík og er bara búin að starfa hérna í 1 ár. En hún Rakel ([rakel@fnv.is](mailto:rakel@fnv.is)) á Hvammstanga kom að því að starta dreifnáminu þar og er ennþá umsjónarmaður og því myndi ég hvetja ykkur til að hafa samband við hana varðandi ýmsa þætti varðandi það að setja upp framhaldsskóladeild.

Aðstaðan hjá okkur er íbúð þar sem herbergin og stofan eru kennslustofur - við erum með 2 góðar tölur tengdar við sjónvarpsskjá til að nemendur geti séð á töflurnar í skólastofunum á Sauðárkrók - svo erum við með 1 fartölvu í viðbót því stundum þarf að vera kennsla í 3 stofum í einu - jafnvel núna þegar ég er bara með 3 nemendur.

Félagslegi þátturinn er í lágmarki hjá okkur núna bæði vegna covid og líka að aðeins eru 3 nemendur sem eru á ólíkum aldri og með mjög ólík áhugamál.

Sveitarfélagið ber kostnað af öllu nema laununum mínum.

Bestu kveðjur

Unnur Ólafsdóttir

s: 892 8892

[unnur@fnv.is](mailto:unnur@fnv.is)

Umsjónarmaður dreifnáms á Hólmavík

## Vesturbyggð:

Sæl Jóhanna

Það sem ég get upplýst ykkur um hvað þarf að hafa í huga varðandi deildina er að mikilvægt er að hafa starfsmann sem getur veit aðstoð í námi og þá sérstaklega varðandi stærðfræði og náttúrugreinar en einnig almenna aðstoð.

Varðandi félagslega þáttinn þá förum við þrisvar á önn til Grunndarfjarðar þar gistum nemendur á hósteli með einum starfsmanni úr deildinni í og sækja skóla líkt og aðrir nemendur. Þar taka nemendur þátt í viðburðum á vegum skólans og nemendafélagsins. Reynt er að hafa böll og aðra viðburði þegar nemendur úr deildinni koma í námsferðirnar. Einnig geta þau haft viðburði í deildinni ef þau hafa áhuga á því.

Varðandi aðstöðuna í deildinni þá höfum við verið að nota fjarfundarbúnað og fjarveru en undanfarið höfum við verið að færast yfir að nota eingöngu teams. Nemendur fylgja sömu stundatöflu og aðrir nemendur í skólanum. Þegar þau vinna í hópum er reynt að blanda þeim sem við nemendur á Grunndarfirði til þess að þau kynnist þeim og myndi tengsl.

Varðandi kostnaðarliði og styrki frá ríki þá er best senda fyrirspurn á Hrafnhildi Hallvarðsdóttur skólameistara.

Kveðja Eydís Þórsdóttir